

## TIL FRAMKVÆMDASTJÓRA, MANNAUÐSSTJÓRA OG LAUNAFULLTRÚA SVEITARFÉLAGA

Á fundi framkvæmdanefndar um starfsmat sem haldinn var fimmtudaginn 31. janúar 2019 var lokið við að skrifa undir og samþykka mat á störfum fyrir félagsmenn aðildarféлага BHM sem sömdu um starfsmat í síðustu kjarasamningum.

Það felur í sér að launaröðun starfa starfsmanna BHM verður samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF og samsetning heildarlauna starfsmanna verður sbr. þriðja skref innleiðingar starfsmatskerfisins samkvæmt sérákvæði 1 með gildandi kjarasamningi.

- Bent er á að b) lið í þriðja skrefi hefur verið breytt með samkomulagi stéttarféлага og SNS þannig að **enginn starfsmaður mun lækka í launum með upptöku starfsmats miðað við núgildandi launasetningu.**
- Ný launatafla, launatafla V, tekur gildi 1. janúar 2019, sjá fylgiskjal 3.

### A) FERLI INNLEIÐINGAR Í STUTTU MÁLI:

Vörpun starfa:	Starfsheiti samkvæmt gildandi kjarasamningi	Verður starfsheiti samkvæmt starfsmati	Sjá vörpunarskjal og stuttar starfaskilgreiningar fyrir hvert starfsheiti frá Verkefnastofu starfsmats.
Reiknivél 2:	Launagreiðandi slær inn upplýsingar í reiknivél 2 samkvæmt leiðbeiningum á forsíðu reiknivélar	Útkoman úr reiknivél er ný launasetning starfsmanns samkvæmt starfsmati með persónuálagi og flokkun í hóp A, B eða C	Sjá reiknivél 2 (fylgiskjal 2)
Afturvirkni frá 1. júní 2018:	Starfsmenn sem lenda í hópi A samkvæmt reiknivél	Launatafla IV frá 1. júní 2018 og launatafla V frá 1. janúar 2019. Nýr menntunarkafli tekur gildi 1. júní 2018., sjá gr.10.2.3 Afsal fastra viðbótargreiðslna frá 1. júní 2018 þar sem um þær er að ræða.	Sjá reiknivél 2 (fylgiskjal 2)
Afturvirkni frá 1. janúar 2019:	Starfsmenn sem lenda í hópi B samkvæmt reiknivél	Launatafla III-A frá 1. júní 2018 og launatafla V frá 1. janúar 2019. Nýr menntunarkafli tekur gildi frá 1. janúar 2019. Afsal fastra viðbótargreiðslna þar sem um þær er að ræða frá 1. janúar 2019.	Sjá reiknivél 2 (fylgiskjal 2)

Engin afturvirkni:	Starfsmenn sem lenda í hópi C samkvæmt reiknivél	Launatafla III-A út samningstímabilið. Eldri menntunarkafli gildir óbreyttur áfram. Ekkert afsal fastra viðbótargreiðslna á sér stað.	Sjá reiknivél 2 (fylgiskjal 2)
--------------------	--	---	--------------------------------

## B) FYLGISKJÖL

- Fylgiskjal 1 – Vörpunarskjal ásamt stuttum starfaskilgreiningum
- Fylgiskjal 2 – Reiknivél 2
- Fylgiskjal 3 – Launatöflur
  - Launatafla IV sem gildir frá 1. júní 2018 (störf sem raðast samkvæmt starfsmati)
  - Launatafla V sem gildir frá 1. janúar 2019 (störf sem raðast samkvæmt starfsmati)

### Minnt er á að persónuálag vegna viðbótarmenntunar sbr. gr. 10.2.3 mun breytast með innleiðingu starfsmats samkvæmt gildandi kjarasamningi og hljóðar svo frá upptöku starfsmats:

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnám þ.e. 3 til 4 ár s.s. BA, BSc, B.ed, sem ekki eru metnar í starfsmati, fær starfsmaður 2% persónuálag enda sé námið hluti af formlegri prófgráðu s.s. diplóma- eða mastersgráða. Forsenda fyrir veitingu persónuálags skv. þessari grein er að starfsmaður hafi lokið formlegri prófgráðu og að námið nýtist í starfi.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar.

Hækkun samkvæmt grein þessari tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 24%, nema þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi en þá er hámarkið 30%.

Sé menntun metin í starfsmati er hún ekki metin í gr. 10.2.3. þar sem einingar eru aldrei tvítaldar. Í þekkingarþætti starfsmatskerfisins kemur fram hvaða menntunarkrafa liggur að baki viðkomandi starfsmatsniðurstöðu: 121 stig er krafa um BA/BS gráðu, 142 stig er krafa um meistargráðu á háskólastigi og 163 er krafa um meistargráðu og þar að auk a.m.k. 5 ára stjórnunarreynslu og/eða doktorspróf.

Athugið að breyting persónuálags vegna viðbótarmenntunar sbr. gr. 10.2.3 á ekki við starfsmenn sem lenda í hópi C samkvæmt niðurstöðu reiknivélar. Þeir halda óbreyttri launaröðun og óbreyttu persónuálagi.

## C) SKIPTING STARFA Á HÓPA

Störf sem metin hafa verið samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF eru flokkuð í þrjá hópa, hóp A, B og C samkvæmt neðangreindu.

### 1. Hópur A – starfsmat gildir frá 1. júní 2018.

Verði niðurstaða starfsmats hærrí en bráðabirgðaröðun starfs með gildistíma frá 1. apríl 2016, mun starfsmaður raðast samkvæmt starfsmatsniðurstöðu og launatöflu IV frá 1. júní 2018 þegar hann hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi við útfærslu reiknivélar 2. Röðunin skal vera samkvæmt launatöflu IV auk viðeigandi persónuálags samkvæmt nýju menntunarákvæði. Frá 1. janúar 2019 taka laun breytingum samkvæmt nýrri launatöflu V.

Starfsmaður sem ekki fær fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun og/eða stjórnendaálag til viðbótar dagvinnulaunum skal raðast skv. niðurstöðu starfsmats **frá 1. júní 2018**. Röðunin skal vera samkvæmt launatöflu IV auk viðeigandi persónuálags samkvæmt nýju menntunarákvæði samkv. gr. 10.2.3. Frá 1. janúar 2019 taka laun breytingum samkvæmt nýrri launatöflu V.

*Ef starf hækkar í launum með tilkomu starfsmats og launatöflu IV þá fer starfið í hóp A.*

Yfirlýsing um afsal fastra viðbótargreiðslna fylgir með reiknivél 2.

## 2. Hópur B – starfsmat gildir frá 1. janúar 2019

Starf þar sem niðurstaða starfsmats leiðir til lægri launa, frá 1. júní 2018 miðað við launatöflu IV, en bráðabirgðaröðun í gildandi kjarasamningi aðila lækkar ekki. Í þeim tilvikum helst bráðabirgðaröðunin óbreytt samkvæmt launatöflu III-A til 31. desember 2018 ásamt persónuálagi samkvæmt eldra menntunarákvæði í gr. 10.2.3. Þann **1. janúar 2019** tekur starfið röðun samkvæmt starfsmati, launatöflu V og nýju menntunarákvæði þegar starfsmaður hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi við útfærslu reiknivélar 2.

Ef starf fer ekki í hóp A að þá er skoðað hvort starf fær jafnstöðu eða hækkar með tilkomu launatöflu V sem tekur gildi frá 1. janúar 2019. Störf sem fá jafnstöðu eða hækka með tilkomu launatöflu V fara í hóp B. Starfsmaður sem ekki fær fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun og/eða stjórnendaálag til viðbótar dagvinnulaunum skal raðast skv. niðurstöðu starfsmats **frá 1. janúar 2019**. Röðunin skal vera samkvæmt launatöflu V auk viðeigandi persónuálags samkvæmt nýju menntunarákvæði í gr. 10.2.3.

*Ef starf hækkar með tilkomu starfsmats frá 1. júní 2018 og launatöflu V þá fer starfið í hóp B.*

Yfirlýsing um afsal fastra viðbótargreiðslna fylgir með reiknivél 2.

## 3. Hópur C – tekur ekki röðun samkvæmt starfsmati

Starf þar sem niðurstaða starfsmats leiðir til lægri launa en bráðabirgðaröðun í gildandi kjarasamningi aðila lækkar ekki. Í þeim tilvikum **helst bráðabirgðaröðunin óbreytt** samkvæmt launatöflu III-A ásamt persónuálagi samkvæmt eldra menntunarákvæði í gr. 10.2.3 .

Þessi störf verða skoðuð nánar í febrúar og mars 2019 í samvinnu SNS og stéttarfélaganna. Áætlað er að þeirri vinnu verði lokið fyrir lok marsmánaðar 2019.

*Ef starf hækkar ekki með tilkomu starfsmats og launatöflu IV eða launatöflu V þá fer starfið í hóp C.*

Starf sem lendir í hópi C afsalar sér engum viðbótargreiðslum.

## D) ÞRIÐJA SKREF INNLEIÐINGAR STARFSMATSKERFISINS SAMSTARFS

### a) Röðun samkvæmt starfsmati.

**Hópur A** - Þann 1. júní 2018 fellur úr gildi bráðabirgðaröðun starfa samkvæmt sérákvæði 2. Frá þeim tíma raðast störf samkvæmt starfsmati í launatöflu IV.

Frá 1. janúar 2019 tekur launatafla V gildi.

**Hópur B** – Þann 1. janúar 2019 fellur úr gildi bráðabirgðaröðun starfa samkvæmt sérákvæði 2. Frá þeim tíma raðast störf samkvæmt starfsmati í launatöflu V.

Frá 1. júní 2018 til 31. desember 2018 raðast störfin samkvæmt núgildandi launatöflu, III-A.

**b) Ef niðurstaða starfsmats reynist lægri en bráðabirgðaröðun**

**Hópur C-** Verði niðurstaða starfsmats lægri en bráðabirgðaröðun starfs þrátt fyrir launatöflu V, helst bráðabirgðaröðunin óbreytt samkvæmt launatöflu III-A ásamt persónuálagi samkvæmt eldra menntunarákvæði í gr. 10.2.3

**c) Ef niðurstaða starfsmats reynist hærri en bráðabirgðaröðun**

Verði niðurstaða starfsmats hærri en bráðabirgðaröðun, mun starfsmaður raðast samkvæmt henni þegar hann hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi við útfærslu reiknivélar 2.

**d) Engar fastar viðbótargreiðslur**

Starfsmaður sem ekki fær fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun og/eða stjórnendaálag til viðbótar dagvinnulaunum skal raðast samkvæmt niðurstöðu starfsmats frá 1. júní 2018.

*Gæta skal að því, í hverju skrefi innleiðingar starfsmats að afsal fastra viðbótargreiðslna til að mæta hækkun dagvinnulauna leiði í engum tilvikum til vinnuskyldu umfram ákvæði í grein 2.1.1. án þess að til komi greiðsla skv. gr. 2.3.1.*

Lágmarkshækkun á hvern starfsmann sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi aðildarfélags BHM sem er aðili að innleiðingu starfsmats skal vera 21,1% á kjarasamningstímabilinu sem er frá 1. september 2015 - 31. mars 2019.

Þeir starfsmenn sem ekki uppfylla ofangreint skilyrði verða skoðaðir sérstaklega með fulltrúum viðkomandi stéttarfélags og sveitarfélags.

Leiðbeiningar um notkun reiknivélar eru á forsíðu reiknivélar, sjá fylgiskjal 2.

***Mikilvægt er að vinnuveitandi leitist við að gæta jafnræðis meðal starfsmanna sem sinna sama eða sambærilegu starfi með tilliti til afsals fastra viðbótargreiðslna.***

**Launagreiðandi er beðinn um að senda afrit af safnskjali úr reiknivél 2 til Sambands íslenskra sveitarfélaga á netfangið [margret@samband.is](mailto:margret@samband.is)**

Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga mun aðstoða og leiðbeina sveitarfélögum við útreikninga á flutningi fastra viðbótargreiðslna inn í dagvinnulaun starfsmanna m.a. út frá sameiginlegri reiknivél aðila.